

Reykjanesbæ, 20. mars 2023

Erindi til bæjarstjórnar/bæjarráðs Reykjanesbæjar

**Efni: Fjölpætt heilsuefling 65+ í Reykjanesbæ**

Ágæti bæjarstóri, Kjartan Már Kjartansson og formaður bæjarráðs, Friðjón Einarsson.

Frá árinu 2017 hafa á um 600 íbúar 65 ára og eldri í Reykjanesbæ tekið þátt í sameiginlegu verkefni okkar; *Fjölpætt heilsuefling 65+ í Reykjanesbæ – Leið að farsælum efri árum*. Verkefnið hefur gengið einstaklega vel og hefur hlotið lof víða, bæði hérlendis og erlendis, fyrir framsækið framlag til heilsueflingar fyrir eldri aldurshópa.

Þar sem bæjarstjórn hefur ákveðið að endurnýja ekki samstarfssamning okkar um verkefnið *Fjölpætt heilsuefling 65+ í Reykjanesbæ*, en samningur rennur út í byrjun september á þessu ári, viljum við nota tækifærið og þakka bæjarstjórn, bæjarráði, bæjarstjóra og starfsmönnum velferðarsviðs, þá sérstaklega Heru Ósk Einarsdóttur og Ásu Eyjólfsdóttur, fyrir samstarfið. Þökkum einnig það traust sem okkur hefur verið sýnt til að leiða þetta verkefni í Reykjanesbæ frá árinu 2017. Það eru okkur viss vonbrigði að þurfa að hverfa frá þessari samvinnu m.t.t. þess ávinnings sem verkefnið hefur leitt af sér fyrir þátttakendur en ekki síður sem frumkvöðlastarf í heilsueflingu sveitarfélaga fyrir sína elstu íbúa. Ég vona að stjórnendum sveitarfélagsins beri gæfa til að finna álíka lausn að heilsueflingu fyrir sína elstu íbúa.

Í dag eru fjórir hópar í heilsueflingu eða um 130 einstaklingar. Á vormánuðum munu um 20 einstaklingar útskrifast eftir tveggja ára heilsueflingu og í haust um 30 einstaklingar. Þegar samningur okkar rennur út standa eftir um 80 þátttakendur sem ekki hafa lokið tveggja ára heilsueflingu.

Beiðni okkar er að þessir þátttakendur, allir búsettir í Reykjanesbæ, fái tækifæri til að halda áfram sinni heilsueflingu undir okkar samvinnu fram að áramótum 2023/2024 eða þar til Reykjanesbær tekur upp breytt fyrirkomulag á stuðningi við heilsueflingu eldri borgara, íþrótt- og frístundastyrk, eins og til stendur hjá sveitarfélaginu.

Með vinsemd og ósk um að svar berist við þessari beiðni fyrir okkar þátttakendur fyrir miðjan apríl 2023. Með þessari lausn getum við að minnsta kosti komið til móts við óskir þessara þátttakenda sem eru stöðugt að spyrjast fyrir um framhaldið og fyrirkomulagið sem bærinn stefnir í að innleiða.

Fyrir hönd Janusar heilsueflingar,

Janus Guðlaugsson

Janus Guðlaugsson,  
PhD-íþrótt- og heilsufræðingur